

## Styrktarfélag vangefinna 20 ára:

## Sýning á málefnnum vangefinna

STYRKARFÉLAG vangefinna er um þessar mundir 20 ára og í tilefni af því verður haldin sýning á Kjarvalsstöðum er hlotið hefur heitið „Viljinn í verki“. Tilgangur sýningarinnar er að sýna þróun í málefnnum vangefinna í máli og myndum, vinnu vistfólks á heimilum vangefinna og kynna að öðru leyti málefni, sem ekki virðist vanþörf á, segir í frétt frá félaginu.

Að þessari sýningu standa öll heimili vangefinna í landinu svo og Óskjuhlíðarskóli, Þroskaþjálfaskóli Íslands og Landsamtökin Þroskahjálp. Þá verða kynntar bækur um málefni vangefinna, sýndar kvikmyndir innlendrar og erlendrar og ýmsir listamenn munu koma fram meðan á sýningunni stendur, og gestum gefst kostur á að kaupa ýmsa handunna muni, sem vangefnir hafa búið til.

Þessi sýning er hin fyrsta sinnar tegundar hérlandis og er það von sýningarnefndar að hún vekji áhuga og athygli sýningar-gesta eins og sams konar sýningar hafa gert erlendis.

Styrktarfélag vangefinna var stofnað hinn 23. marz 1958 og er núverandi formaður félagsins Magnús Kristinsson. Í afmælisnefnd eiga sæti: Halldóra Sigurgeirsdóttir formaður, Gréta Bachmann, Hrefna Haraldsdóttir, Hörður Sigbórsson og Tómas Sturlaugsson, og auk þeirra hefur fjöldi fólks starfað að uppsetningu sýningarinnar, foreldrar og starfsfólk. Gunnar Bjarnason leiktjaldamálari hefur skipulagt hana.

Í dag, laugardag, er hún opin kl. 17–22 en aðra daga kl. 14–22. Á páskadag kl. 15–22 en hún er lokað á föstudaginn langa.



Í gær var unnið að lokaundirbúningi fyrir sýninguna á Kjarvalsstöðum.

## Samvinnuferðir taka við umboði Thomas Cook í London

Samvinnuferðir hafa tekið við umboði fyrir brezku ferðaskrifstofuna Thomas Cook og hefur þetta í för með sér að Samvinnuferðir geta stórbætt þjónustu í ferðum til útlanda að því er Eysteinn Helgason forstj. Samvinnuferða sagði í samtali við Mbl. Íslendingum stendur nú til boða að notfæra sér hina yðurkenndu og traustu ferðabjónustu Thomas Cook, en fyrirtækið hefur 870 ferðaskrifstofur og umboðsmenn um allan heim, sagði Eysteinn ennfremur.

Í tilefni þessa samstarfs Samvinnuferða og Thomas Cook er einn af framkvæmdastjórum brezka fyrirtækisins, T. Davies, nú staddur hérlandis til að eiga viðræður við forráðamenn Samvinnuferða og framámenn í íslenskum ferðamálu.

T. Davies sagði, að Thomas Cook hefði mikinn áhuga á að auka ferðamannastraum til Íslands og þá einkum frá Bretlandi. Eru uppi áform um að fá að hefja hingað leiguflyg, en viðræður um það hafa enn ekki hafist og sagðist hann því ekki vita hvernig eða í hversu miklum mæli það yrði. Gat hann þess að í sumar yrði ekki svo mikið um ferðir, sem skrifstofurnar skipulegðu saman, en gert væri ráð fyrir að bjóða upp á þær á sumrinu 1979.

Thomas Cook er gamalt og gróið fyrirtæki í Bretlandi og margir hafa sagt það vera gamaldags, sagði T. Davies, en benda má á að mjög margir deildarstjóra þess eru ungir að árum og má segja að fyrirtækið sé siungt. Hafa á síðustu árum verið gerðar ýmsar skipulagsbreytingar á því. Aðalstöðvarnar eru í nýlegri byggingu

rétt við London og þar starfa um 1500 manns og síðan eru skrifstofur og umboðsmenn í 870 löndum, alls um 5000 manns.

— Ég er mjög bjartsýnn á framtíðina þar sem nú hefur Thomas Cook umboð á Íslandi og Samvinnuferðir eru ungt og vaxandi fyrirtæki, sem ég veit að vill vinna vel. Það verður án efa hægt að auka mjög ferðamannastraum Breta til Íslands, en það þarf að

undirbúa það mjög vel og hafa verður í huga að Ísland er mjög sérstæður markaður fyrir ferðamenn, við þurfum að leita að því fólki sem vil fara til Íslands í sumarleyfi sínu. Aðalferðamannatíminn verður frá aprilmánuði og fram í október, en segja má að Bretar ferðist lítið fyrir utan þann tíma og allar utanferðir, hvort sem er í Bretlandi eða í öðrum löndum, eru háðar efnahagsástandinu.


— Eflaust verður hægt að sam-eina ferðir Íslendinga til London til innkaupa og annarra erinda ferðum Breta hingað í sumarleyfum sínum og við vonumst eftir góðu samstarfi þrátt fyrir að þjóðirnar hafi átt í þorskastríðum saman.

Þá má geta þess að auk ferðaskrifstofureksturs annast fyrirtækið útgáfu ferðatékka og er áformað að sala þeirra hefjist innan skamms til hagræðis fyrir íslenska ferðamenn, sagði Eysteinn Helgason.



T. Davies og Eysteinn Helgason fyrir utan skrifstofur Samvinnuferða.

Ljósm., Friðþjófur.



Frá vinstri: Bjarni Guðbjörnsson bankastjóri, Ólafur Björnsson formaður bankaráðs, Ármann Jakobsson bankastjóri, Jónas Rafnar bankastjóri og Hilmar Gunnarsson forstöðumaður útibúsins. Ljósm., Friðþjófur.

## Nýtt útibú Útvegsbankans á Seltjarnarnesi

ÚTVEGSBANKI Íslands opnar nú eftir helgina nýtt útibú sitt og er það við Nesveg á Seltjarnarnesi. Húsnæðið er 130 fermetrar, en það er bráðabirgðahúsnæði þar sem ráðgert er að flytja starfsemi bankans í svonefnt viðskiptasvæði þegar kaupstaðurinn hefur skipulagt það.

Bankinn mun veita viðskiptavinum alla innlenda bankaþjónustu auk þess sem hann kaupir og selur erlendan gjaldeyri, tekur við inn- og útflutningsskjólum til afgreiðslu og annast opnun bankaábyrgða. Starfsmenn verða fjórir og er forstöðumaður Hilmar Gunnarsson, sem gegndi áður

starfi féhirðis í Útvegsbanka Íslands í Kópavogi. Afgreiðslutími er frá kl. 13–18:30 alla virka daga nema laugardaga.

Gunnlaugur G. Björnsson hefur skipulagt húsnæði bankans og umsjón með byggingu og innréttingum hafði Guðjón Guðmundsson

húsasmíðameistari. Verkstæði Jónasar Sólmundssonar smíðaði innréttingar eftir teikningum Guðmundar Jónassonar tækni-fræðings.

Bankaútibú þetta er hið fyrsta á Seltjarnarnesi og er 11. útibú Útvegsbanka Íslands.

## Tónlistarskólinn:

## Um 50 börn koma fram á tónleikum

TÓNLEIKAR yngri deildar Tónlistarskólans í Reykjavík verða í Austurbæjarbóí í dag, laugardag, og hefjast kl. 1.30 síðdegis. Á þessum tónleikum koma fram í kringum 50 nemendur við skólann, og leika m.a. á fiðlu, píanó, flautu, óbó, hörpu og einnig leikur hljómsveit yngri deildarinnar undir stjórn Gígju Jóhannsdóttur.

Þau sem koma fram á tónleikumunum eru: Bryndís Pálsdóttir, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, Þórhallur Birgisson, Sigríður H. Þorsteinsdóttir, Ágústa Jónsdóttir, Guðrún Sigurðardóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Elín Davíðsdóttir, Sigríður Eyþórsdóttir, Kristín Theodórsdóttir, Guðlaug Ásgeirs-

dóttir, Helga Guðmundsdóttir, Valgerður Andrésdóttir, Anna Þórdís Sigurðardóttir, Sverrir Guðmundsson, Brynja Ingadóttir, Sigrún Eðvaldsdóttir, Elísabet Waage, Ásdís Valdimarsdóttir, Ásthildur Guðjohnsen, Guðrún Tómasdóttir, og Hulda Geirlaugsdóttir.

## Vestmannaeyjar:

## JC með fund um vandamál frystihúsa

JC- í Vestmannaeyjum heldur fund um vandamál frystihúsanna í Vestmannaeyjum á mánudagskvöld. Þar mun Guðmundur Karlsson, forstjóri, hafa framsögu og taka þátt í umræðum.

## Þrjár umsóknir um 11 prestaköll

FYRIR nokkru auglýsti biskup Íslands laus til umsóknar embætti presta í 11 prestaköllum víðs vegar um landið. Umsóknarfrestur rann út fyrir fáum dögum og hafa borizt þrjár umsóknir: Sr. Sighvatur Birgir Emilsson sækir um

Hólaprestakall, en hann hefur verið settur prestur þar um skeið, sr. Hörður Ásbjörnsson sækir um Miklabæjarprestakall og sr. Gunnar Kristjánsson hefur sótt um Reynivalla-prestakall.

